

Ár 2012, mánudaginn 17. desember, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Guðmundi Jónssyni dómara í Dómstól ÍSí að skrifstofu ÍSí, Laugardal, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 13/2012.

Blakdeild Ýmis / HK

gegn

stjórn Blaksambands Íslands

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I.

Mál þetta er höfðað með kæru Blakdeildar Ýmis / HK, dagsettri og móttækinni á skrifstofu ÍSí þann 20. nóvember 2012.

Kærði er stjórn Blaksambands Íslands, kt. 450274-0629, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Guðmundi Jónssyni dómara í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands var úthlutað málinu sama dag og kæran barst skrifstofu ÍSí. Með bréfi dagsettu 22. nóvember 2012 var kærða gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum/halda uppi vörnum vegna kærunnar með greinargerð til dómstólsins, sem berast skyldi dómstólnum eigi síðar en 29. nóvember 2012. Greinargerð kærða barst 28. nóvember 2012.

### II.

#### **Dómkröfur kæranda:**

Að ákvörðun stjórnar Blaksambands Íslands dags. 9. nóvember sl. um að blakdeild Ýmis verði gert að greiða kr. 80.000,- í sekt fyrir að mæta ekki til leiks á móti liði Þróttar á Neskaupstað sunnudaginn 4. nóvember sl., verði felld úr

gildi. Ákvörðunin var birt forsvarsmanni Ýmis þriðjudaginn 13. nóvember 2012 og berst því kærán innan kærufrests skv. 1. mgr. 24. gr. laga ÍSÍ.

Þá er þess krafist að sett verði ný dagsetning á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hefði tapað leiknum 3-0, þ.e.a.s. að úrslit leiksins dags. 4. nóvember sl. hafi verið 25-0, 25-0 og 25-0, verði afturkölluð.

### **Dómkröfur kærða:**

Ekki er í grg. kærða afmarkaður dómkröfukafli en rétturinn fellst á að skylja megí grg. kærða í heild sem kröfu um að ákvörðunin sem um getur í dómkröfukafla kæranda sé krafa um staðfestingu hennar.

### **III.**

Í 9. gr. reglugerðar BLÍ um frestanir leikja segir m.a.:

„Mæti lið ekki til leiks í 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað um krónur 80.000,-“.

Í framhaldinu hefur greinin síðan að geyma refsikennd viðurlög sem hljóða svo: „Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið“.

Fyrir þingfestingu málsins hafði dómari aflað sér fundargerðar frá stjórnarfundum kærða frá föstudeginum 9. nóvember 2012, þar sem til umfjöllunar var m.a. leikur Þróttar N og kæranda ásamt vitneskju frá málsaðilum um að leikskýrsla vegna leiksins hefði aldrei verið send kæranda. Í nefndri fundargerð segir um leik Þróttar N og Ýmis / HK:

„Öll gögn málsins lögð fram um málið, staðfesting frá Vegagerð og Flugfélagi Íslands, bréf frá Ými og fleira. Miðað við málsatvik og reglugerðir þá er einsýnt að lið Ýmis verður beitt sekt fyrir að mæta ekki til leiks í Neskaupstað. Formaður mun skrifa Blakdeild Ýmis um ákvörðun stjórnar“.

Það gerir formaðurinn síðan með bréfi dags. 12. nóvember 2012, dskj. nr. 9. Hvorki er í bréfinu né í ákvörðun kærða gerð grein fyrir efni þeirra reglna sem

leiða eigi til þess að viðurlagaákvæði um sekt að fjárhæð kr. 80.000,- skuli beitt gagnvart kæranda.

Ákvörðun kærða frá 9. nóvember 2012 er grundvöllur málshöfðunar þessarar.

#### IV.

Skv. reglugerð BLÍ um frestun leikja er ljóst að stjórn sambandsins hefur refs- og sektarvald yfir brotlegum aðilum innan sérsambandsins á reglum þess.

Jafnljóst er að skv. gildandi íslenskum rétti verður brotlegum aðila ekki gerð sekt nema að ítarlega sé í sektarákvörðuninni gerð grein fyrir grundvelli sektarinnar þ.e. hvaða reglur hafa verið brotnar og hver viðurlög séu við því.


Í margnefndri ákvörðun kærða er þessa ekki gætt.

Þykja þetta vera slíkir ágallar á ákvörðun kærða frá 9. nóvember sl. að óhjákvæmilegt er að fella ákvörðunina úr gildi.

Guðmundur Jónsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp úrskurð þennan.

#### ÚRSKURÐARORÐ

Hin kærða ákvörðun er úr gildi felld.

  
Guðmundur Jónsson

Um kærufrest vegna áfrýjunar vísast til 33. gr. 1. og 33. gr. 3. laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.